



Fjallabyggð auglýsir lausar til umsóknar 11 lóðir fyrir einbýlishús og lóðir fyrir eitt parhús

Lóðirnar eru staðsettar í suðurbæ Siglufjarðar í grónu hverfi. Tilgangur með nýsamþykktu deiliskipulagi fyrir svæðið var að ná óbyggðum lóðum inn í skipulag með skilmálum fyrir nýbyggingar. Markmiðið er að halda í yfirbragð byggðarinnar þannig að nýbyggingar verði hluti af núverandi heild.

Skipulagsuppdrátt ásamt greinargerð með skilmálum og upplýsingar um þær lóðir sem lausar eru til úthlutunar má finna á heimasíðu Fjallabyggðar: www.fjallabyggd.is



Þeir sem vilja byggja í Fjallabyggð greiða lágt lóðarúthlutunargjald ásamt byggingarleyfisgjaldi auk stofngjalda vatns- og fráveitu. Engin gatnagerðargjöld verða innheimt til loka árs 2024. Mikil náttúruferugurð er í Fjallabyggð sem er ört vaxandi bæjarfélag með rúmlega tvö þúsund íbúa og afþreyingarmöguleikar eru nánast ótæmandi.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum þjónustugátt Fjallabyggðar www.fjallabyggd.is og er umsóknarfrestur til og með 10. júní 2024.

Við úthlutun verður farið eftir reglum um úthlutun lóða í Fjallabyggð dags. 27. nóvember 2023.

Nánari upplýsingar gefur Ármann V. Sigurðsson deildarstjóri tæknideildar (armann@fjallabyggd.is) eða Íris Stefánsdóttir skipulagsfulltrúi (iris@fjallabyggd.is) í síma 464-9100.

LÓÐIR TIL ÚTHLUTUNAR:

Heiti lóðar	Stærð lóðar	Húsa-gerð	Fjöldi hæða	Hámarks bygg.magn
HÁVEGUR 61	919 fm	Einbýli	2 hæðir	250 fm
SUÐURGATA 64	661 fm	Einbýli	2 hæðir	250 fm
SUÐURGATA 67	725 fm	Einbýli	2 hæðir	250 fm
SUÐURGATA 69	766 fm	Einbýli	2 hæðir	250 fm
SUÐURGATA 73	825 fm	Einbýli	2 hæðir	250 fm
SUÐURGATA 79-81	725 fm x2	Parhús	2 hæðir	250 fm x2
SUÐURGATA 83	822 fm	Einbýli	2 hæðir	250 fm
SUÐURGATA 85	822 fm	Einbýli	2 hæðir	250 fm
SUÐURGATA 89	759 fm	Einbýli	2 hæðir	270 fm
LAUGARVEGUR 29	753 fm	Einbýli	2 hæðir	270 fm
LAUGARVEGUR 40	893 fm	Einbýli	2 hæðir	250 fm
HAFNARGATA 30	582 fm	Einbýli	2 hæðir	240 fm

